

Pési



Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Aðalfundur
- Mottumars

Næsti Pési kemur út 17. apríl 2012

Efni í Pésann

VERÐUR að

berast í síðasta lagi

11.apríl.

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Hrossarækt	8
Kvenfélag	10
Golfskálinn	15

Mars 2012

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

22. árgangur. 258. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600



BÓKASAFN

Frá Bókasafni Hrunamanna

Opnunartími:

Mánudaga	Kl. 20-21
Þriðjudaga	Kl. 16-18
Miðvikudaga	Kl. 16-18
Fimmtudaga	Kl. 16-18

Á gegnir.is (Mínar síður) geta lánþegar m.a. séð hvað þeir eru með í láni, hvenær skiladagur er og fleira. Lánþegar eru hvattir til að nýta sér þessa þjónustu. Aðgangur að tölvu fyrir almenning gegn vægu gjaldi. Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku.

Verið velkomin á bókasafnið sem er fullt af efni til fróðleiks og skemmtunar.

Lestrarstund er gæðastund J

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>





Þann 3.mars sl. Var Hjónaballið haldið í 69. sinn Sem endranær var margt um manninn og frá Hjónaballsnefndinni kom úrval skemmtiatriða, sem kitluðu hláturtaugarnar Ljós:SigSigm



Sveitarstjórapistill

Marsmánuður er týpískur millibilsmaunuður. Sól er farinn að hækka og veðurfarið minni hvorki á vetur eða vor en eigum við ekki að vona að fari að stytast í seinna v-ið. Þessu tíma-bili fylgir líka hið árlega hjónaball sem eins og ávallt slær í gegn. Samantekt og spegill ársins er árvissat tilhlökkunarefni og það er gaman að sjá hvað fólkið í nefndinni leggur mikið á sig til að hafa þessa sýningu sem allra besta en ég lýsi þó eftir húfunni minni. Á þessum tíma eru hestamenn að skrifa út úr vetrarhíðinu og það er gaman að sjá hvað hestamennskan blómstrar hér í sveit. Reiðhöllin og reiðvöllurinn í Torfdalnum eru sífellt að sanna gildi sitt og Uppsveitadeildin, bæði hjá börnum og fullorðnum, er að springa út. Samhliða þessu sjáum við hvað Hvítárbrúin kemur vel út fyrir fólkið í báðum sveitunum og samstarfið í hestamennskunni við nággranna okkar í vestri er til mikillar fyrirmyndar. Í rauninni bíður Torfdalurinn í heild sinni upp á mikla möguleika að þróast sem útvistarsvæði og verður vonandi ein af perlum okkar í framtíðinni. Framsýnir ungir menn hafa komið til máls við okkar og vantað aðstöðu til að útbúa braut til að leika sér á reiðhjólum hér á Flúðum. Það hefur verið tekin héraðskvörðun innanhúss að gefa þeim veiðileyfi á að nýta sér tippinn okkar í Torfdalnum til þess að leika sér með. Þó slíkt svæði sé vegna eðli síns síbreytilegt þá er spennandi að sjá hvernig það nýtist með þessum hætti. Annar samstarfsveitvangur sem alltaf er gaman að taka þátt í er Uppsveitasamstarfið. Það var haldinn mjög góður stefnumótunarfundur Uppsveita með ferðamálafulltrúa og góðum gestum á Skeiðunum um daginn. Slíkir fundir eru mjög gagnlegir og þar var gaman að sjá hvaða hugmyndir hefðu ræst sem settar voru fram á sambærilegum fund sem haldinn var fyrir nokkrum árum. Það ganga ekki allar hugmyndir eftir eins og gengur er þó ótrúlega margar. Sem betur fer þá erum við þannig í sveit sett að nýsköpun í ferðapjónustu eru fá takmörk sett, nema e.t.v. of margir ferðamenn. Það er alltaf gott að skoða hlutina í nýju samhengi og sjá hvað aðrir eru að gera og reyna að læra af öðrum. Ég fór sem laumufarþeg með starfsfólki Flúðaskóla og leikskólans til Glasgow um daginn. Fyrir utan það hvað slíkar starfsmannaferðir geta verið góðar til að þjappa fólki saman var mjög forvitnilegt að sjá hvernig Skotarnir eru að gera hlutina. Þeir hafa svo sem ýmis vandamál við að glíma, sum það sama og við og annað ekki. Niðurstaðan styrkir þá skoðun mína að við getum að flestu leiti verið stolt af skólunum okkar. Þó góðir skólar séu fyrst og fremst gott starfsfólk þá verður að segja að í húsnæðismálum skóla á Íslandi erum við að mörgu leiti langt á undan þessum nággrönum okkar. Sérstaklega erum við ljósárum á undan í aðgengi og aðstöðu barna og unglinga að góðu húsnæði til að stunda íþróttir og eflaust eru þeir afreksmenn í íþróttum sem Íslendingar eru að framleiða af miklum móð ekki tilviljunin ein. Gámasvæðið okkar er alltaf í smá þróun og ég vil hvetja fólk að nýta sér þar fjölbreytta möguleika til flokkunar-sorps. Flokkun sorps skiptir sveitarfélagið miklu máli og þar með haldið kostnaði við sorp-eyðingu í lágmarki. Þá vil ég einnig benda bændum á að það má alls ekki setja rúlluplast heimilissorpsgáma heldur að hafa samband við Tómas Þóri um að hirða það hjá þeim eða koma plastinu upp á gámasvæðið okkar. Í viðleitni okkar til að bæta umgengi við gámasvæðið og að aðilar utan sveitarfélagsins séu ekki að losa sorp þar, er búið að koma upp myndavélakerfi á gámasvæðinu þannig hægt er að fylgjast með hvað gerist þar. Við bindur vonir við að þær aðgerðir geri gámasvæðið betra og fólk vandi sig við flokkunina. Þá bend ég einnig á að hægt er að losa fernur og pappír á planinu við Grund og hvet fólk almennt til að flokka sorp eftir megni. Að lokum skal upplýst að búið er að ráða í afleysingar fyrir Lilju okkar á skrifstofunni sem er að fara í ársleyfi. Það er Marta Jónsdóttir sem þarf að lifa með okkur næsta árið en hún hefur áður leyst af hér á skrifstofunni og bjóðum við hana velkomna til starfa með vorinu.

Ég óska öllu gæfu og góugleði

Jón G. Valgeirsson

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga. sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju
Starfsfólk Flúðaleiðar

Hef til sölu minningakort

Hrunakirkju, Krabbameinsfélags Árnassýslu

Proskahjálpar á Suðurlandi, Styrktarsjóðs hjartasjúklinga

Styrktarsjóðs hjartveikra barna

Marta Esther Hjaltadóttir Kópsvatni S: 4866412 / 8996412.

Frá Nautgriparæktarfélagi Hrunamanna

Aðalfundur Nautgriparæktarfélags Hrunamanna verður haldinn 19. mars kl 10:30 á Hótel Flúðum

Fyrir utan venjuleg aðalfundastörf verður Guðmundur Jóhannsson með hefðbundið um nautin og bestu kýrnar á svæðinu.

Einnig kemur Ágúst Sigurðsson og fræðir okkur um það nýjasta í kynbótum og erfðafræði í nautgripum og árangur í nautgriparæktinni á Íslandi síðustu 30 árin.

Hvetjum bændur til að mæta á fundinn og taka þátt í ræktunar starfinu.

Stjórnin

Timbursögun– borðviður

Ef nægilegt magn fæst af stórum trjám, erum við með aðila, sem er tilbúinn að koma í vor og saga fyrir þá, sem áhuga hafa. Trén þarf að fella fyrir marslok.

Allar nánari upplýsingar eru hjá Guðmundi G.Magnússyni í síma 894 4830

Byggingafélagið **Árborg** ehf.

Austurvegi 42-44 • Selfossi

Símar 482 1550 / 482 1275

GSM 864 1275



Húsmíðar

Innréttingar

Vélaleiga

Gröfur o.fl.



Fjallaraf

sími **662 0530**

Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur Löggitur rafverktaki

Fossi

Hrunamannahreppi

845 Flúðir

Sími 662 0530

Fax 486 6432

fossi@fossi.is

Upplit

Menningarklassi uppsveita Árnessýslu

Upplit menningarklassi Uppsveita Árnessýslu

Ný heimasíða, kíkið á www.upplit.is

Allir velkomnir í Upplit

Vaðandi mottu - mars í DUNLOP - stígvélum



DUNLOP stígvél á tilboðsverði út mars

Tilboðsverð
út mottu-mars

9.990,-



Þvottarefni fyrir: Mjaltþjöna - mjaltakerfi - mjólkurtanka - bursta



BRITE CIP 30
Kerfisþvottaefni fyrir
mjaltþjöna. Vinnur
auðveldlega á fitu,
próteinskánum og
öðrum óhreinindum.

Kr. 5.841
m/brúsagjaldi
Skilagjald brúsa
m/vsk. kr. 753



T-CIP 86
Tvivirkt þvottaefni fyrir
mjaltakerfi. Mjög góð
hreinsi- og sótthreinsivirkni.
Tær vökvi með klórlykt.

Kr. 7.453
m/brúsagjaldi
Skilagjald brúsa
m/vsk. kr. 753



ZAL PERAX II
Óflugt sótthreinsiefni
sem hentar vel sem
hreinsi- og
sótthreinsiefni fyrir
bursta (burstaþápa).

Kr. 17.778
m/brúsagjaldi
Skilagjald brúsa
m/vsk. kr. 753



DILAC SUPER
Súrt skánleysandi efni
til notkunar í mjaltakerfi
og önnur
hringrásarkerfi í
matvælaíðnaði.

Kr. 8.073
m/brúsagjaldi
Skilagjald brúsa
m/vsk. kr. 753



D-90
Tvivirkt hreinsiefni fyrir
mjaltakerfi. D-90 leysir upp og
heldur mjólkurlefum uppleystum
í karfinu. glerkútar verða
skinandi hreindir og lausir við
mjólkurstainsútfellingar.
Inniheldur klór sem eykur
hreinsivirkni og gefur
sótthreinsun.

Kr. 13.918 20 kg
Kr. 8.017 10 kg

JÚGURHREINSIR



Verð
kr. 2.498

Notast til þvotta og eða
spenadyfingar eftir mjaltir.
Inniheldur mykingarefni
sem verður þjónuþæg
þurrkun.

DEOSAN JODDÝFA



Verð
kr. 5.691

Sótthreinsiefni fyrir júgur og
spena til notkunar eftir mjaltir.
Heldur júgurbólgu í skefjum og
inniheldur húðmykjandi efni.

Sölustaðir:

Egilstaðir, Sími 471 1901
Akureyri - Ben Sími 894 6946
Skagafjörður - Eyþór Sími 862 5778

LANDSTÓLPI



Gunnbjarnarholti
801 Selfoss
480 5600
landstolpi.is

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

SMIÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

BYGGINGAVÖRUR – BÚVÖRUR
GJAFAVÖRUR – HANNYRÐAVÖRUR
OG ALLT ÞAR Á MILLI.



ALLTAF AÐ BÆTAST VIÐ NÝJAR VÖRUR
SJÓN ER SÖGU RÍKARI.

OPIÐ 9-18 VIRKA DAGA
11-14 LAUGARDAGA.

Styrktarkvöldverður 10.bekkinga í Reykholtsskóla (Reykholt-Grímsnes-Laugarvatn) síðasta vetrardag 18.apríl. Hótel Geysir 3ja rétta hátíðarkvöldverður að hætti matreiðslumeistarans Bjarka Hilmarssonar og 10.bekkinga. Verð kr. 5.000 per mann Krakkarnir munu sjálf sjá um lifandi tónlist undir borðhaldi, skemmtun, þjónustu og matreiðslu með aðstoð yfir þjóns og matreiðslumeistara. Styðjum framtíðarborn Bláskógarbyggðar og kveðjum veturinn með stæl . Bókið núna í síma 480 6800 eða á maili geysir@geysircenter.is



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og **899-9665**.

Inga Birna.

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga 12:00-18:00

Sunnudaga: 12:00-18:00



Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **480 5300**
Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804



**KRISTJANA
SKÚLADÓTTIR**
ásamt hljómsveit

Söngvar og frásagnir úr
seinni heimsstyrjöldinni

Félagsheimili
Hrunamanna, Flúðum
17. mars kl. 20.30

Vignir Þór Stefánsson: *píanó*
Gunnar Hrafnsson: *bassi*
Matthías Hemstock: *trommur*

Miðaverð: 2500 kr

Stóðhestur

Hrossaræktarfélag Hrunamanna hefur tryggt sér stóðhestinn Arion 2007186189 frá Eystra-Fróðholti til afnota í seinna gangmáli. Arion var dæmdur í fyrra 4ra vetra gamall og fékk einkunn fyrir sköpu- lag 7,94 og fyrir kosti 8,55 sem gerir í aðal- einkunn 8,31 og kynbótamat Arions er 127. Faðir Arions er Sær frá Bakkakoti og móðir er Gletta frá Bakkakoti. Geta má

þess að Arion á tvær alsystur sem báðar eru með góð fyrstu verðlaun, Glímu sem er með 8,58 í aðaleinkunn og Spá sem hefur 8,33 í aðaleinkunn

Þar sem búast má við ásókn í að koma hryssum undir hestinn er félagsmönnum gefinn forgangur að pöntunum fram að 1. apríl. Verð á tolli er 120. þús og við bætist sönarkostnaður, girðingar/eftirlitsgjald og virðisaukaskattur.

Pantanir berist til Sigurðar Hauks í síma 894-3059 eða í netfangið [skollag-
rof@skollagrof.is](mailto:skollag-rof@skollagrof.is)



Skrifstofa Hrunamannahrepps.
opnunartími hreppsskrifstofu
Mánudaga til föstudaga:
09:00-12:00 og 13:00-16:00

Nú er farið að vora að nýju og kominn tími til að setja hugmyndir sínar er tengjast matvælum í farmkvæmd. Á sumrin er yfirleitt besti tíminn til að koma slíkum vörum á markað til dæmis á bændamörkuðum og ferðamanna-verslunum. Á síðasta ári voru fimm ólík verkefni þróuð á vegum Matarsmiðjunnar og stefnum við á að gera enn betur á þessu ári. Það er þó allt undir því komið að einstaklingar og fyrirtæki komi með hugmyndir til okkar sem við hjálpum þeim að vinna úr. Langi þig að kanna hvaða möguleikar eru í boði er um að gera að hafa samband eða panta tíma.

Fyrir hönd Matarsmiðjunnar á Flúðum
Vilberg Tryggvason S: 858-5133/ 422-5133



LAGNA
POSTULINN

Viðar Magnússon Pípulagningameistari
Kringlumýri 1 800 Selfoss
Sími 893-0085 Netf. vidarm@simnet.is


Íbúðarhús til leigu á Flúðum,

Frá 1. júní nk., leiguverð 120 þús á mán.
Allar nánari upplýsingar í síma 898-4876, eða á
netfangið liljah@fludir.is

Óska eftir að leigja 3ja-4ra herb. íbúð á
höfuðborgarsvæðinu frá sama tíma.



Aðalfundur badmintondeildar UMFH



Aðalfundur badmintondeildar UMFH verður haldinn í
Íþróttahúsinu á Flúðum mánudaginn 19.mars kl 19:30.

Dagskrá:

Hefðbundin aðalfundastörf

Ársreikningur

Önnur mál

Stjórn gefur kost á sér til áframhaldandi setu.

Hvetjum fólk til að mæta á fundinn og kynna sér starfsemi deildarinnar.

Kveðja stjórnin

Árshátíð Félags eldri Hrunamanna.

Miðvikudaginn 21. mars verður hin árlega árshátíð okkar haldin að
Hótel Flúðum.

Húsið opnar kl.19.00 borðhald hefst kl.19.30. Góð dagskrá á meðan á
borðhaldi stendur.Félagar,mætum sem flest,eigum góða stund saman og
bjóðum með okkur gestum.

Miðaverð kr.4800.-sem greiðist við innganginn.

Vinsamlegast látið vita um Þátttöku í síðasta lagi sunnudaginn 18.mars
til einhverra eftirtalinna:

Guðrúnar Varmalæk s:4866621

Guðríðar Straumi s:4866776

Magnúsar Birtingaholti s:4866670

Frá Félagi eldri Hrunamanna Leikhúsferð.

Sunnudaginn 25. mars efnum við til hópferðar í Borgarleikhúsið að
sjá:**Fanný og Alexander** (Umsögn:stórbrotin fjölskyldusaga)

Sýning hefst kl.20.00. Miðaverð er kr4100.

Miðapantanir ekki síðar en þriðjudaginn 13. mars hjá Bubbu í síma
4866670 Önnu í síma 4866614 Helgu í síma 4866732.

Lagt af stað frá Félagsheimilinu kl.18.00

Stjórnin.

LAUGARVATN fontana

UPPSPRETTA VELLÍÐUNAR

Komdu til okkar, við erum opin alla daga frá 14:00 til 21:00.
Um páskana verður opið alla daga.

Kíktu á heimasíðuna okkar, www.fontana.is og skráðu þig á póstlistann!
Þeir sem eru í netklúbbum missa ekki af neinum tilboðum eða uppákómum.

Okkar einstaka vortilboð er í boði til 15. mars.

Einstaklingskort á 5.000 - ótakmarkaður aðgangur út júní

Fjölskyldukort á 11.000 - ótakmarkaður aðgangur út júní

Nánari upplýsingar í síma [486 1400](tel:4861400) og á www.fontana.is

Fótaaðgerð.

Verð í Heimalandi föstudaginn 30. mars 2012

Tímarpantanir frá 26. mars í síma: 863 0433

Sólveig Jóhannsdóttir

Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



Aðalfundur Búnaðarfélags Hrunamanna

Aðalfundur Búnaðarfélags Hrunamanna verður haldinn á Hótel Flúðum mið-
vikudaginn 14. mars kl. 11:00. Venjuleg aðalfundarstörf. Léttur hádegis-
verður í boði félagsins. Við hvetjum fólk til að mæta á fundinn og hafa áhrif á
störf félagsins. Nýir félagar velkomnir.

Stjórn Búnaðarfélags Hrunamanna

Atvinna!!

Trog ehf. óskar eftir starfsfólki til sumarstarfa. Trog rekur tjaldstæðið á Flúðum sem er skilgreint sem vel búið fjölskyldustæði. Um er að ræða stöðu rekstrarstjóra og sér hann um allan daglegan rekstur ásamt uppsetningu og skipulagi starfsmannamála. Einnig eru lausar nokkrar almennar stöður. Í boði eru bæði heilar stöður og hlutastörf.

Umsóknum ásamt helstu upplýsingum um umsækjanda skal skilað í tölvupósti á póstfangið ferdamidstod@fludir.is Nánari upplýsingar gefur Vilberg í síma 699-0757

Ágætu nærsveitungar

Nú er búið að dagsetja fjölskyldu- og menningarhátíðina Fjör í Flóa og verður hún haldin helgina 1.-3. júní. Viljum við minna á að hægt er að vera með ýmiskonar handverk til sýnis og sölu þessa daga. Þeir sem áhuga hafa fyrir því að vera með sýningar eða sölubása eru beðnir um að hafa samband fyrir 15. apríl eftirtalda aðila:

Aðalheiður Sveinbjörnsdóttir	- Sími: 899-9684	Póstur : vatnsholt1@isl.is
Anný Ingimarsdóttir	- Sími: 861-8368	Póstur: anny@isart.is
Ingibjörg Einarsdóttir	- Sími: 691-7082	Póstur: langsstadir@simnet.is

Eins og undanfarin ár eru karlar að safna “mottu” í mars. Hægt er að fræðast um málefnið og keppnina inn á “www.mottumars.is”



<http://www.mottumars.is/keppnin/keppandi?cid=2668>

Hóf keppni: 01. mars

Ég byrjaði að safna fyrir mottumars 1.1.2012 til þess að geta verið með í mottumars :)

Ég hef ákveðið að ef að ég næ 50þ mun ég kaupa háralit og lita mottuna svo hún sjáist betur :)

Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla

Vörumóttaka Héðinsgata
1-3



VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Héðinsgötu 1-3 sími: 533
2211. Mánudaga til föstudaga kl. 12:00, Á Sel-
fossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl.
14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir
þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar



Frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps

Okkur langar að þakka þeim fjölmörgu sem lögðu leið sína til okkar á afmælis-
daginn 1. mars síðastliðinn. Það var mikið gleðiefni að sjá og hitta svo marga
velunnara félagsins og finna fyrir hlýju og velvild í garð félagsins.
Jafnframt þökkum við höfðinglega gjöf sveitarfélagsins sem mun hjálpa okkur
mikið við útgáfu afmælisritsins.

Æskulýðsdeild Hestamannafélagsins Smára og Unglingadeildinni Vindi óskum
við alls hins besta og vonum að fjárstyrkurinn frá Kvenfélagi Hrunamanna-
hrepps muni nýtast æskulýð sveitarinnar vel.

Að lokum langar okkur til að benda ykkur á að kíkja á heimasíðuna okkar sem
nú er komin í loftið. Hún er enn í mótun en smám saman munu liggja þar inni
ýmsar nytsamar upplýsingar, tilkynningar, sögur og myndir. Slóðin er þessi:

www.kvenfelag.fludir.is .

Framundan er aðalfundurinn okkar en hann verður nánar auglýstur síðar.

Með vinsemd og virðingu.
Kvenfélag Hrunamannahrepps.

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	10:00-18:00
Laugardaga	10:00-18:00
Sunnudaga	11:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

SUMARVINNA

Óskum eftir starfsfólki í sumarvinnu við
almenn afgreiðslustörf.

Helst ekki yngri en 18 ára.

Æskilegt að umsækjandi sé reyklauss og reglusamur.
Upplýsingar í síma 486 6633,agnes@samkaupstrax.is
og á staðnum.

Könnun á þátttöku í Reiðmanninum á Flúðum

Reiðhöllin á Flúðum, í samráði við LBHÍ, vill kanna áhuga á því hvort grundvöllur sé að bjóða aftur upp á svo kallað reiðmannsnám – tveggja ára námskeiðaröð fyrir hinn almenna hestamann næstkomandi haust á Flúðum. Allar upplýsingar um námið má finna á heimasíðu Landbúnaðarháskólans, www.lbhi.is/namskeid.

Þeir sem hafa áhuga á málinu, geta sent tölvupóst á netfangið helgi-kj@mmedia.is, fyrir 1. apríl. Ath að ekki er um bindandi skráningu að ræða. Verði af náminu mun LBHÍ auglýsa það sérstaklega og taka við skráningum, en umsóknareyðublað vegna námsins er inni á ofangreindri vefsíðu.

Reiðhöllin á Flúðum.

VIOLA snyrtistofa Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting – Hand-snyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímarpantanir í Síma 856-1599





Kaffi-Sel, golfskálanum, verður opið sem hér segir:

Mars (frá og með 23. mars)

Föstudaga, frá kl. 18.00 til 20.30

Laugardaga frá kl. 12.00 til 20.30

Apríl

Föstudaga, frá kl. 18.00 til 20.30

Laugardaga og sunnudaga frá kl. 12.00 til 20.30

Lokað á skírdag og föstudaginn langa.

Opið á annan í páskum 12.00-20.30

Hægt er að leika á golfvellingum á vetrarflötum, ef veður leyfir. Vinsamlegast gefið ykkur fram í golfskála.

Verið hjartanlega velkomin

Kaffi-Sel - Sími 486-6454

Heimasíða: www.kaffisel.is Netfang: info@kaffisel.is Facebook: Kaffi-Sel

Atvinna-Atvinna

Kaffi-Sel óskar eftir að ráða fólk til starfa í sumar. Um er að ræða vinnu á golfvellingum (Selsvöllur) og í veitingahúsi Kaffi-Sels (golfskálanum). Óskað er eftir umsóknum frá einstaklingum 20 ára og eldri. Umsækjendur skulu vera með vinnuvélapróf til starfa á golfvellingum.

Umsóknir sendist á netfangið info@kaffisel.is. Meðmæli fylgi umsókn.



Á myndinni má sjá Jóhann K Marelsson slökkviliðsstjóra afhenda Birgi Janusz Kuc verðlaun í Eldvarnar-
átaki 2011.Ljós:SigSigm

